



GARÐABÆR



MENNTAKLIF

Velferð barna og ungmenna í Garðabæ -  
leikskólar

**Lokaskýrsla til þróunarsjóðs leikskóla**

Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir  
MENNTAKLIF Garðatorgi 7, Garðabæ  
03/12/2017

## Heiti verkefna:

Velferð barna og ungmenna í Garðabæ – námskeið fyrir starfsfólk leikskóla (1.5.2016-03.12.2017) og Velferð barna og ungmenna í Garðabæ (1.10.2015 – 31.7.2016)

## Styrkþegar:

Leikskólarnir Holtakot, Akkrar, Ásar, Bæjarból, Kirkjuból, Krakkakot, Lundaból, Sjáland og Sunnuhvoll  
Ábyrgðaraðili: Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri, Holtakoti

## Verkefnisstjórar:

Menntaklif - Ágústa Guðmundsdóttir og Ásta Sölvadóttir

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er að skapa skýra heildarmynd og framvindu fyrir skóla, frístundastarf og íþróttafélög í Garðabæ um velferð barna um leið og svigrúm verður tryggt fyrir sjálfstæði hvers aðila til að aðlaga verkefnið að sínum þörfum.

- 1) Að innleiða forvarnar- verklags- og fræðsluáætlanir sem samdar voru af stýrihópi um verkefnið Velferð barna í Garðabæ árin 2013-2015.

### *Afurðir Sprotasjóðsverkefnisins eru eftirfarandi:*

- [Verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættu hegðun barna](#)
- [Rafrænt fræðslufirlit](#)
- Tilkynningaeyðublöð til að setja inn á vefsíður stofnana / skóla
- Tenglar inn á vef Garðabæjar <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/velferdarmal/>

- 2) Að þróa og innleiða grunnnámskeið um velferð barna sem ætlað er öllum starfsmönnum í leikskólum Garðabæjar. (Hugmyndavinna, námskeiðshönnun, skipulagning námskeiða, námskeiðshald).

### *Námskeiðin skiptast í tvennt:*

- Grunnnámskeið A: Ofbeldi, einelti, vanræksla og áhættu hegðun
- Grunnnámskeið B: Jafnrétti, staðalmyndir, kynhlutverk, kynheilbrigði og líkamsmynd.

## Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Framkvæmd verkefnis var í höndum Menntaklifs sem er ráðið var til að stýra innleiðingu verkefnisins. Hlutverk Ástu og Ágústu var að starfa sem eflandi verkefnastjórar verkefnisins. Hlutverk þeirra var að halda utan um fundarstjórn, fundargerðir og efni sem varð til á þróunartímanum. Þ.m.t. skýrslugerð, hugmyndavinna, halda kynningarfundum, passa upp á að verkefnið væri áætluð, tímasetja verkþætti, umsjón með námskeiðshönnun og þróun í samvinnu við sérfræðinga og ráðgjafa um velferð barna.

Samstarf verkefnastjórnar, ábyrgðaraðila, leikskólastjóra og velferðarteyma í hverjum leikskóla gekk mjög vel á verkefnatímanum.

## Tímalína verkefnis:

Verkið var unnið á tímabilinu 01.04. 2015- 03.12.2017. Verkhlutar eru nánar tilgreindir í tímalínu verkefnisins hér að neðan:

### September 2015

- Leikskólastjórar og verkefnastjórn funda um lok Sprotasjóðsverkefnis og ákveða upphaf innleiðingar. Ákveðið er að sækja um styrk til Þróunarsjóðs leikskóla í Garðabæ til þess að: A) Innleiða forvarnar- verklags- og fræðsluáætlanir, B).Þróa grunnnámskeið A og B sem ætlað er öllum starfsmönnum leikskóla.

### Október 2015 – júní 2016

- Verkefnastjórar kynna verkefnið fyrir Halldóru Pétursdóttur verkefnastjóra á fræðslu- og menningarsviði
- Sérfræðilegir ráðgjafar ráðnir til vinnu að starfsmannanámskeiðum. Sérfræðingarnir eru: Ólöf Ásta Farestveit hjá Barnahúsi, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi hjá Garðabæ.
- Verkefnastjórn fundar með leikskólastjórum og leggur línurnar fyrir verkefnið. Sótt er um styrk til framkvæmdar 12x grunnnámskeiða A og 1x grunnnámskeið B
- Verkefnastjórn fundar með velferðarteymum leikskólanna, lagðar eru skýrar línur fyrir gerð starfsmannanámskeiða
- Hver Leikskóli fær 30 mín kynningu um verkefnið Velferð barna á tímabilinu desember – apríl þar sem afrakstur Sprotasjóðsverkefnisins 2013-15 er kynntur.
- Upplýsingafundur með leikskólastjórum 6.4.2016. Ákvörðun tekin um að stofna velferðarteymi hvers leikskóla sem í verða 2-3 starfsmenn. Ákvarðanir teknar um næstu skref í verkefninu.
- Velferðateymi í leikskólum fá kynningu á verkefninu Velferð barna þann 19. apríl. Kynningin fer fram í Klifinu.
- Vinnusmiðja með Velferðarteymi og Þórdísi Elvu vegna námskeiðs B, 6. maí
- Vinna við gerð námskeiðanna fer fram feb- júní.

### Júní 2016 – okt 2017

- Leikskólastjórar festa tíma fyrir tvö 1-2 tíma námskeið með starfsmönnum í ágúst-okt
- Samstarfssamningur og fjárhagsrammi fyrir Þróunarsjóðs verkefnið undirritaður
- Stýrihópur og leikskólastjórar fara yfir/gagnrýna námskeið B á prufunámskeiði - lokayfirlestur
- Námskeið A: Verklag um velferð - haldið 12x í hverjum leikskóla í ágúst-október
- Námskeið B: Kynheilbrigði, jafnrétti og sjálfsímynd- haldið í 1x okt

### Október - febrúar 2017

- Mat á framvindu verkefnisins. Tvær námskeiðskannanir voru sendar til þátttakenda, ein fyrir hvort námskeið

### Desember 2017

- Skil á skýrslu til skólanefndar og ábyrgðaraðila



Mynd 1 Guðrún Hrefna frá fjölskyldusviði og Ágústa verkefnastjóri sinna þróunarvinnu



Mynd 2 Velferðarteymi leikskóla taka þátt í hugmyndavinnu fyrir námskeið B

## Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Verkefnið var að mestu leyti á áætlun. Áætlunin var að halda námskeið A og B vorið 2016 en ákvörðun var tekin um að halda námskeiðin eftir sumarleyfi starfsmanna. Þau voru því haldin í á haustmánuðum 2016. Áætlunin var að skila lokaskýrslu í apríl 2017, en verkefnastjórar náðu ekki að klára lokafrágang verkefnis fyrr en í lok árs 2017 vegna óvæntra verkefna sem komu inn á borð hjá verkefnastjórum á árinu 2017.

### Tímasetning námskeiða A

1	Fös	16. sept kl. 08:30
2	Fös	16. sept kl. 13:00
3	Lau	17. sept kl. 13:00
4	Þri	27. sept kl. 17:00
5	Mán	17. okt kl. 17:00
6	Mán	24. okt kl. 08:15

### Leikskóli

Kirkjuból og Akrar
Ásar og Litlu Ásar
Sjálaland
Holtakot og Krakkakot
Hæðarból og Sunnuhvoll
Lundaból, Bæjarból og dagmæður

## Mat á verkefninu

Eftirfarandi leiðir voru nýttar til þess að meta árangur af verkefninu:

### Mat á breytingum í skólanámskrám:

- Er kafli í skólanámskrá leikskóla um velferð barna?
- Tekur starfsþróunaráætlun skólanna mið af námskeiðum um velferð barna?

### Miðlun efnis:

- Er verkefnið sýnilegt á heimasíðum þátttökuaðila?

### Mat leikskólakennara og stjórnenda á þátttöku í verkefninu:

- námskeiðsmat á grunnaámskeiðum

Forvarnar- og verklagsáætlun vegna vanrækslu, ofbeldis gegn börnum og áhættuhegðunar eru ekki sýnilegar á vefsíðum, starfsþróunaráætlunum eða skólanámskrám leikskóla í Garðabæ eins og að var stefnt. Á vef Garðabæjar er tengill inn á verkefnið sem mætti nýta til að bæta úr þessu á heimasíðum leikskólanna: <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/forvarnir-og-fraedsla/velferd-barna/>

Verkefnastjórar leggja til að velferðarteymin og stjórnendur í leikskólum endurskoði skólanámskrár leikskóla við fyrsta tækifæri og bæti inn kafla um Velferð barna í Garðabæ. Allir grunnskólar í Garðabæ hafa lokið þeirri vinnu og mætti nýta þá vinnu sem fyrirmynd að endurskoðun hjá leikskólum. Skólastjórnendur ákváðu t.d. í sameiningu að setja verklagið á ákveðinn stað á heimasíðum skólanna og verklagið er undir flípanum *Stuðningur*. Sjá nánar dæmi frá Garðaskóla: <http://gardaskoli.is/studningur/verklag-um-velferd-barna/> Verkefnastjórar leggja til að verkefnastjóri leikskóla hjá Garðabæ og leikskólustjórar ákveði hvar best sé að koma þessum lið fyrir á heimasíðu leikskólanna. Eins á eftir að setja fræðslufirlitið inn á vefi leikskóla, sjá hér: <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedslufirlit/> Í fræðslufirlitinu mikið af efni sem gagnast starfsfólki leikskóla og foreldrum barna á leikskólaaldri.


The screenshot shows the Menntaklif website interface. At the top, there are logos for Garðabær and Menntaklif, a search bar, and navigation links for Menntaklif, Verkefni, Spjall, and Skjall. The main content area is titled 'Fræðslufirlit' and includes a search bar with the text 'Leitaðu að námskeiði:'. Below this, there are two columns of filters: 'Markhópur' and 'Flokkar'. The 'Markhópur' column includes checkboxes for Leikskóli, Miðstig, Framhaldsskóli, Starfsfólk, and Almennigur. The 'Flokkar' column includes checkboxes for Yngsta stig, Unglingastig, Öll skólastig, Heimil - foreldrar, Einnelti, Kynferðisofbeldi, Kynheilbrigði, Mannréttindi, Samræða, Jafnrétti, Kynfræðsla, Kynjafraeði, Ofbeldi, and Velferð. Below the filters, there are three featured items: 'Ævintýrlegt jafnrétti' with a cartoon rabbit, 'Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi' with a grey box, and 'Barnahús - upplýsingarbæklingur' with a colorful logo.

Mynd 3 Skjámynd af fræðslufirliti verkefnisins sem finna má á vef Menntaklifsins

## Námskeiðsmat á grunnnámskeiði A:

Sérfræðingar á grunnnámskeiði A voru þær Ólöf Ásta Farestveit hjá Barnahúsi og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi og starfsmaður hjá barnavernd í Garðabæ. Verkefnastjórar sáu um námskeiðshönnun og þróun námskeiðsins sem var unnið í nánú samstarfi við nærsamfélagið í Garðabæ.

Alls svöruðu 33 þátttakendur könnun sem lögð var fyrir í lok námskeiðs A. Svörin skiptust eftirfarandi: Akrrar (6), Ásar (10), Holtakot (3), Hæðarból (7), Krakkakot (5) og Sjáland (2). Þátttakaka hefði mátt vera meiri í könnuninni. Eftirfarandi leikskólar svöruðu ekki könnuninni: Litlu Ásar, Lundaból, Kirkjuból, Sunnuhvoll og dagmæður.



Mynd 4 Skipting leikskóla í svörum við könnun.

Mikil ánægja var með námskeiðið og fannst 72,7% efnistökin vera mjög góð og 27,3% þátttakenda fannst efnistökin vera góð. 100% ánægja var með námskeiðið samkvæmt könnuninni. Sama svarhlutfall kom fram þegar spurt var um hvernig fyrirlesararnir stóðu sig.



Mynd 5 Flestir voru ánægðir með lengd námskeiðs A.

Meginkostir námskeiðsins voru eftirfarandi að mati þátttakenda:

- Að allir fái samræmdar verklagsreglur í þessum málum og mér fannst við fá lausnir um hvernig við gætum verið öruggari um hvernig við bregðumst við þegar barn trúir okkur fyrir ákveðnum hlutum sem klingja einhverjum bjöllum hjá okkur. Við fengum verkfæri um það hvernig við ættum þá að bregðast við og hvernig gott væri að tala við barnið. Frábært námskeið og allir á mínum vinnustað tala um það hvað þetta var þarft og fyrirlesararnir komu sínu mjög vel til skila á faglegan hátt.

- Að allir starfsmenn fari saman og geti þar af leiðandi rætt málin og allir eru meðvitaðir um það sem var verið að fjalla um. Einnig vil ég minnst á eins og var reyndar komið inná á námskeiðinu, að segja dæmisögur, held að það sé mjög farsælt til að koma efninu til skila.
- Að efla starfsfólk leikskólanna í réttum viðbrögðum og verklagsreglum ef grunur um ofbeldi eða vanrækslu vaknar.
- Að hvetja til árvekni um velferð barna. Gott að geta spurt spurninga.
- Að námskeiðið var haldið í litlum hópi.
- Alltaf gott að skerpa á þeim punktum sem farið var yfir á námskeiðinu. Þessi málefni eru viðkvæm og því mikilvægt fyrir starfsfólk að vita að hægt er t.d. að hafa samband við barnavernd eða barnahús til þess að fá ráðleggingar.
- Áhugavert, mikilvægt.
- Efni sem stöðugt þarf að ræða um og upplýsa starfsfólk um skyldur okkar varðandi tilkynningaskyldu.
- Endurmenntun og skerpir á þessum atriðum.
- Fékk svör við mörgu sem mér finnst mikilvægt.
- Fræðslan er á mannamáli og þrátt fyrir alvarleg málefni koma fyrirlesarar því frá sér á lifandi og skilmerkilegan hátt. Mjög þarft efni sem varðar alla starfsmenn skóla.
- Hnitmiðað og mikilvæg fræðsla sett fram á skýran hátt.
- Mér fannst dæmisögurnar segja mjög mikið um hvernig maður eigi að bera sig að ef maður skyldi lenda í svipuðum aðstæðum sem er mikilvægt. Gott að geta tengt viðfangsefni fyrirlestursins við raunverulegar aðstæður.
- Mjög fræðandi og gagnlegt.
- Mjög skýr framsetning og talað á mannamáli.
- Mjög þarft námskeið og löngu tímabært.
- Námskeiðið er upplýsandi, stundum var það hrollvekjandi en það þarf að segja dæmisögur.
- Námskeiðið var hæfilega langt, efnistöð kannski of mörg.
- Opna sýn starfsmanna á því hvernig ofbeldi er skilgreint og hvernig má sjá að börn hafi orðið fyrir ofbeldi eða verið vanrækt. Best að fá dæmi um aðstæður sem geta komið upp.
- Stuttar tilvitnanir eða sögur - erfitt að hlusta á en þarft.
- Upplýsandi
- Vel farið yfir þá hluti sem skipta máli og gott að fá umræðurnar inn um ákveðin mál sem spurt var um.
- Vera vakandi og meðvituð um einkenni vanrækslu, ofbeldi gagnvart börnum.
- Vita betur hvernig maður á að bregðast við.
- Það vöknudú margar spurningar sem eiga eftir að hjálpa okkur í að meta aðstæður barna.

Þátttakendur í könnuninni komu ekki auga á neitt sem betur hefði mátt fara í framkvæmdinni og rímar það við 100% ánægju með námskeiðið. Þeim fannst vel að því staðið og var almenn ánægja með námskeiðið.

Í athugasemdum um námskeiðið sem þátttakendur vildu koma á framfæri kom eftirfarandi fram:

- Hafa svona námskeið fyrir alla og það reglulega.
- Í rauninni ekki- nema það er gott að ítreka að starfsmenn tilkynna til skólustjóra og almenningur til ykkar eða lögreglu. Starfsmenn eru kannski hræddir við nálægðina og að vera bendlaðir við viðkomandi mál.
- Mjög flottir fyrirlesarar og góð yfirferð á námskeiðinu. Hefði alveg verið til í ýtarlegri yfirferð á einhverju af efninu.
- Vel gert og vel unnið.
- Virkilega ánægð með námskeiðið. Er betur í stakk búin ef upp koma mál er snúa að velferð.

## Námskeiðsmat á grunnnámskeiði B:

Þátttöku í könnum í kjölfar grunnnámskeiðs B var mjög ábótavant, en einungis 4 einstaklingar í fjórum mismunandi leikskólum af ellefu svöruðu könnuninni. Svo virðist sem könnunin hafi ekki komist til skila.

Svör þessara fjögurra voru hins vegar einróma. Öllum fannst námskeiðið vera mjög gott og efnistökin sömuleiðis. Þremur fannst framsetningin vera mjög góð og einum góð. Öllum fannst fyrirlesarinn standa sig mjög vel. Eins þótti námskeiðið hæfilega langt. Megin kostir námskeiðsins að mati svarenda var eftirfarandi:

- Að mínu mati á þetta námskeið fullt erindi til allra starfsmanna leikskólanna þar sem þetta tekur á því málefni þar sem við skoðum okkur sjálf og okkar skoðanir móta skoðanir barnanna. Við þurfum að vera búin að hugsa hvað við ætlum að segja ef barn segir þetta og hitt og grípa tækifærið þegar það gefst til þess að ræða ýmis málefni sem bera á góma á líðandi stundu. Ég held að margir sem vinna á leikskólum geri sér ekki grein fyrir hvað þeir geta mótað börn og því er afar mikilvægt að vanda sig hvað er sagt og hvernig það er gert.
- Ég get illa dregið fram hvað var betra en annað. Í heild sinni var þetta tímabært og frábært námskeið.
- Kostir eru þeir að farið er yfir marga mikilvæga þætti á stuttum tíma.
- Vekur mann til umhugsunar.

## Niðurstaða mats:

Eins og sjá má af niðurstöðum námskeiðsmatsins var mikil ánægja í skólasamfélaginu með þessi tvö námskeið. Það er mat verkefnastjóra að vel hafi tekist til í verkefninu. Það er komin góð reynsla á samstarf stofnanna í Garðabæ í gegnum þróunarvettvanginn Menntaklif, þessi vettvangur hefur gefið góða raun í stærri verkefnum innan skólasamfélagsins.

## Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks kr. 1.326.000

Tafla 1. Greiðslur sem Menntaklif fékk umboð til að ráðstafa vegna framleiðslu og framkvæmd námskeiða fyrir leikskólastigið.

Verkþáttur	Samtals upphæð
Þróun námskeiða	520.000 kr.
Skipulagning námskeiða í samvinnu við þátttökuaðila og fyrirlesara: Tímasetning og skipulag	156.000 kr.
Námskeið A	600.000 kr.
Námskeið B	50.000 kr.



## Afrakstur

Þann 6. apríl 2016 funduðu verkefnastjórar með leikskólastjórum. Á fundinum var tekin ákvörðun um að stofna **velferðarteymi** í hverjum leikskóla í Garðabæ. Í velferðarteymi hvers leikskóla eru 2-3 starfsmenn. Fyrsti fundur velferðarteyma leikskóla var haldinn 19. apríl 2016 í Klifinu. Þar hittu verkefnastjórar velferðarteymin, útskýrðu verkefnið fyrir þeim og næstu skref í verkefninu.

**Hlutverk velferðarteyma** er að passa upp á að gögn sem snúa að verkefninu fari inn á vef hvers leikskóla. Rýna þarf í námskrá hvers leikskóla með tilliti til velferðar barna. Teymin eiga að fylgjast með því hvort eitthvað þurfi að bæta, breyta og setja inn í áætlun skóla hverju sinni. Hlutverk velferðarteyma er einnig að tryggja að verklag um velferð barna verði fest í sessi í hverjum leikskóla og tryggja að verkefnið lifi innan hversrar stofnunar. Í kjölfar kynningarinnar í apríl fóru Ágústa eða Ásta í þá leikskóla sem enn áttu eftir að fá kynningu á verkefninu.

Fjórum aðilum úr velferðarteymi leikskóla var boðið að vera með á prufunámskeiði á námskeiði B fyrir grunnskóla þann 4. maí. Fyrir prufunámskeiðið hittust velferðarteymin, verkefnastjórar og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir sem vann að gerð námskeiðs B í samvinnu við verkefnastjóra á vinnufundi. Í fundarlok var ljóst að aðlaga þarf námskeið B að þörfum leikskóla. Mun verkefnastjórn nýta þau gögn sem söfnuðust á vinnufundinum til frekari námskeiðspróunar fyrir námskeið B hjá leikskólum.

## Gögn sem urðu til í verkefninu sem nýta má til að innleiða nýtt verklag í hverjum leikskóla fyrir sig:

- Á vef Menntaklifsins er að finna allar upplýsingar varðandi verkefnið Velferð barna. Sjá nánar á: <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/>
- Á vef Menntaklifsins er að finna Fræðsluyfirlit / rafrænan gagnabanka yfir alls kyns námsefni sem snýr að þessum málaflokki. Sjá nánar á: <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedsluyfirlit/>
- Á vef Garðabæjar er að finna rafræn tilkynningaeyðublöð fyrir leikskóla. Sjá einnig meðfylgjandi viðhengi. <https://gardabaer.eydublod.is/View/S5N>
- Sjá tengil á síðu Garðabæjar: <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/forvarnir-og-fraedsla/velferd-barna/>
- Velferðarteymin notast við Google Drive til þess að halda utan um gögn - [https://drive.google.com/folderview?id=0B-aGpKiCDdu\\_bGd1azZDLXR3TnM&usp=sharing](https://drive.google.com/folderview?id=0B-aGpKiCDdu_bGd1azZDLXR3TnM&usp=sharing)
- Áhugi er á því að vera með forvarnarviku í október eða nóvember ár hvert vegna Velferðar barna – til að minna á verkefnið og halda því lifandi.
- Áhugi er á því að búa til forvarnardagatal þannig að verkefnið “verði í veggjunum”.
- Námskeiðin verða sett inn í starfsáætlunir, námsáætlanir o.fl.

## Ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Með verkefninu varð vitundarvakning hjá stjórnendum og forstöðumönnum skóla og félaga í Garðabæ um mikilvægi samræmdra vinnubragða. Verkefnið hefur haft sýnileg áhrif á uppbyggingu skólanámskráa í grunnskólum og skapað einbeittari sýn á forvarnarverkefnið á þessu sviði. Eins hefur verkefnið byggt brú milli fjölskyldusviðs Garðabæjar sem sinnir barnavernd og annarra aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

Við þróun á námskeiðunum kom í ljós að tilkynningar frá leikskólum eru mun færri en frá öðrum stofnunum innan Garðabæjar. Það er von verkefnastjóra að verkefnið ýti undir meðvitund um mikilvægi þess að tilkynna eða leita ráða þegar slík mál ber á góma.

**Fræðsluyfirlit:** Verkefnastjórnin tók yfirlitið saman og nær það yfir allt útgefið efni á Íslandi sem varðar velferð barna, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Fræðsluyfirlitið nær yfir hugtökin ofbeldi, kynjafræði, jafnrétti og kynheilbrigði á víðtækan hátt. Efninu var safnað saman af vef Vitundarvakningar, hjá Námsgagnastofnun, vefnum Jafnrétti, Heimspekitorginu og á veraldarvefnum. Með hverju efni er að finna upplýsingar um útgefanda, hverskonar efni er um að ræða, fyrir hverja efnið er, vefslóðir og lykilhugtök sem tengjast efninu. Efninu er raðað í stafrófsröð en einnig er að finna heildaryfirlit í töflu. Fræðsluyfirlitið er einnig að finna á vef Menntaklifsins <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedsluyfirlit/>.

Fræðsluefnið er ætlað börnum, ungmennum, starfsfólki og foreldrum. Mælst er til að aðilar að velferð barna nýti þetta leiðbeinandi fræðsluyfirlit sem verkfæri til þess að samþætta málefnið í námskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, félaga og hjá öllum þeim er vinna með börnum í Garðabæ. Meginþorri efnisins er ætlað grunnskólastiginu en þó á hluti af efninu einnig við önnur félög sem starfa með börnum.

### Kynningar á verkefninu:

Fulltrúar stýrihóps ásamt tengiliðum í hverri stofnun kynntu verkefnið og afurðir þess í öllum stofnunum sem koma að starfi með börnum og ungmennum upp að 18 ára aldri vorið 2016. Áætlaður tími fyrir hverja kynningu var um 15-20 mín.

Mælst var til þess að hver stofnun og félag aðlagði verklagið að sínu starfi. Mikilvægt er að verklagið sé öllu starfsfólki ljóst. Því sáu stjórnendur og verkefnastjórar verkefnið um að kynna verkefnið á starfsmannafundum í öllum leikskólum Garðabæjar. Plaköt með verklaginu var dreift til allra leikskóla þegar kynningarnar fóru fram vorið 2016

**Að kynningu lokinni er það svo í höndum tengiliða í hverri stofnun eða félagi að sjá til þess að afurðirnar séu kynntar og ræddar á hverjum vinnustað og séu gerðar sýnilegar á vef stofnunar eða félags.**

# VERKLAG

## VEGNA GRUNS UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA

### 1 GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN

Barn leitar til starfsmanns

Grunur starfsmanns um óviðunandi aðstæður, hegðun eða atvik er varða börn

Grunur er um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Grunur er um að foreldri eða sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

### 2 SKRÁNING MÁLSATVIKA

Mikilvægt er að starfsmaður skrái eins fljótt og auðið er málsatvik vegna hugsanlegrar tilkynningar

### 3 HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

Starfsmaður leitar til stjórnanda eins fljótt og auðið er

Ef starfsmaður nær ekki í stjórnanda og barn er í hættu skal hann strax hafa samband við fjölskyldusvið í síma 5258500 eða í síma 112 og láta stjórnanda síðan tafarlaust vita

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við fjölskyldusvið eða fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar á bæjarskrifstofu

### 4 TILKYNNING

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna mál til fjölskyldusviðs Garðabæjar

Tilkynningareyðublið er að finna á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112

Skylt er að tilkynna grun um vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barns

Fjölskyldusvið Garðabæjar s: 5258500  
Netfang: [fjolskyldusvid@gardabaer.is](mailto:fjolskyldusvid@gardabaer.is)  
Bakvakt s: 112



## Kynning á menntadegi Garðabæjar 24. október 2016

Verkefnastjórar létu útbúa stórt plakát með helstu markmiðum verkefnisins fyrir menntadag grunnskóla Garðabæjar í október 2016. Plakatið var til sýnis í anddyri bæjarskrifstofu Garðabæjar veturinn 2016-17.

**VELFERÐ BARNNA Í GARÐABÆ**

Markmið verkefnisins Velferð barna í Garðabæ er að setja fram heildstæða stefnu í málum er varða ofbeldi, jafnrétti, áhættuhegðun, kynheilbrigði og sjálfsmýnd barna

**VERKLAG**

Að starfa með börnum er gætt og höfðmátt og teki þarf tillit til þess barnanna fræðslu. Því er um að ræða um verkefngætur menntaáhrif milli þess barna. Aukna meðhöndlun ekkert fagleg vinnubrögð og tryggja samræmi

**RAFRÆN FRÆÐSLUYFIRLIT**

Fræðslufyrirbær starfsfélaga, barna og barna

**NÁMSKEIÐ**

Markmið námskeiðanna er að leiðsæja og tryggja vinnu og umgengingu milli barna og starfsfélaga. Fræðsla um vinnu og umgengingu milli barna og starfsfélaga. Þetta er einn af helstu markmiðum verkefnisins og er áhersla lögð á að tryggja með vinnu og umgengingu milli barna og starfsfélaga

GARÐABÆR MENNTAKLÍF

## Grein um verkefnið sem birtist í Garðapóstinum:

Eftirfarandi blaðgrein birtist í Garðapóstinum um verkefnið:

### Heildstæð stefna um velferð barna í Garðabæ

Stór hópur fagfólks þvert á stofnanir og félagasamtök í Garðabæ hefur tekið höndum saman um að vinna að vitundarvakningu um velferð barna. Verkefnið nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla í Garðabæ og til íþrótta- og tómstundafélaga í bænum. Allir sem vinna með börnum og ungmennum í bænum fá fræðslu um ýmsa þætti er varða velferð þeirra og um leið er tryggt samræmt verklag um velferð barna í Garðabæ.

### Hegðun, heilbrigði og sjálfsmynd

Markmið verkefnisins **Velferð barna í Garðabæ** er að setja fram heildstæða stefnu í málum er varða ofbeldi, jafnrétti, áhættuhegðun, kynheilbrigði og sjálfsmynd barna. Þróunarvinna verkefnisins hefur staðið yfir síðastliðin þrjú ár með tilstuðlan styrkja frá Sprotasjóði og Þróunarsjóðum leik- og grunnskóla Garðabæjar. Síðasta ár var gefinn út bæklingurinn: Verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna. Bæklingurinn er aðgengilegur á rafrænu formi á vefsíðunni [www.menntaklif.is](http://www.menntaklif.is). Samhliða fór í loftið rafrænn fræðslubanki sem hefur að geyma fræðsluefni fyrir starfsfólk, börn og foreldra.

Í kjölfarið var ákveðið að þróa tvískipt námskeið ætluð öllum þeim sem vinna með börnum og ungmennum í Garðabæ. Í leik- og grunnskólum hafa sérstök velferðarteymi verið myndað til að taka þátt í þróun námskeiðanna og tryggja farsæla innleiðingu verkefnisins. Sérfræðingarnir Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi hjá fjölskyldusviði Garðabæjar, Ólöf Ásta Farestveit hjá Barnahúsi og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir voru fengnir til aðstoðar við þróun námskeiðanna.

### Góður rómur gerður að námskeiðunum

Síðastliðna daga hefur starfsfólk grunnskóla setið **grunnnámskeið A um verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna**. Starfsfólk í leikskólum sækir námskeiðið í september. Í október fer fram **grunnnámskeið B um jafnrétti, sjálfsmynd og kynheilbrigði** í leik- og grunnskólum. Í framhaldinu verða námskeið fyrir starfsfólk annarra stofnana og félagasamtaka sem vinna með börn í Garðabæ.

Markmið námskeiðanna er að innleiða og samræma verklag hjá starfsfólki sem vinnur með börnum og ungmennum í Garðabæ. Fræðsla um réttindi barna og tilkynningaskyldu starfsfólks samkvæmt barnaverndarlögum, þekkja einkenni ofbeldis, vanrækslu og áhættuhegðunar hjá börnum og rétt viðbrögð við úrvinnslu mála með velferð barna að leiðarljósi.

### Mikilvæg umræða

Að starfa með börnum er gefandi og krefjandi og taka þarf mið af þroska barnsins hverju sinni. Því er umræða um verklagsreglur á vinnustaðnum og mörk eða markaleysi mikilvæg öllum þeim sem starfa með börnum. Með fræðslu af þessu tagi er starfsfólk betur í stakk búið til þess að sýna rétt viðbrögð og þekkja leiðir til þess að bregðast rétt við aðstæðum á ábyrgan hátt. Aukin meðvitund eykur fagleg vinnubrögð og öryggi í starfi.

Námskeiðið hefur hlotið góðar viðtökur hjá starfsfólki grunnskólanna til þessa. Garðabær fjármagnar verkefnið að stærstum hluta en verkefnastjórn er í höndum þeirra Ágústu Guðmundsdóttur og Ástu Sölvadóttur hjá Menntaklifi sem er þekkingatorg fyrir þróun og miðlun þekkingar í Garðabæ. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið á vefjum Garðabæjar og stofnana bæjarins og á vef Menntaklifsins.

Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir verkefnastjórar verkefnis

## Ávinningur verkefnis

- Skýr stefna í Garðabæ er varðar velferð barna.
- Samræmd vinnubrögð leikskólanna er varða velferð barna í Garðabæ.
- Skýrar áætlanir um forvarnir og fræðsla á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis, ofbeldis og velferðar almennt.
- Aukin fagmennska í forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi, jafnrétti og kynheilbrigði.

## Ábendingar um næstu skref

Á námskeiðunum komu fram þær ábendingar að verkefnið ætti ekki síður við sem fræðsla til foreldra í Garðabæ. Eins leggja verkefnastjórar til að verkefninu verði haldið lifandi með því að kynna verklagið og fræðsluyfirlitið í upphafi hvers skólaárs. Eins er æskilegt að velferð barna tilheyri forvarnaviku í Garðabæ. Verkefnastjórar leggja til að grunnnámskeiðin séu haldin tvisvar á ári, á haustin og á vorin. Lagt er til að þau séu uppfærð reglulega.

## Að lokum

Með samstilltum vinnubrögðum er börnum á markvissan hátt tryggt öruggara vinnuumhverfi. Samræming milli stofnana og félaga og sameiginleg fræðsla til starfsmanna efla þá í að takast á við erfið mál af öryggi og fagmennsku sem stuðlar að öruggari samfélagi.

Dagsetning 3. desember, 2017

Undirskrift verkefnisstjóra

Asta Síwadóttir

AGUSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

## Viðauki

### VINNUSMIÐJA LEIKSKÓLA

#### Grunnámskeið B - Kynheilbrigði, jafnrétti og sjálfsmynd/sjálfsvirðing

#### Samantekt frá hópavinnu velferðateyma í Klifinu þann 3. maí

Markhópur: Starfsfólk í Leikskólum

Lengd: 1.5 klst

Tímasetning námskeiðs B: Haustið 2016

#### Hugtök og efni sem við viljum að námskeiðið fjalli um

- Sjálfsmynd
- Jafnrétti
- Segja píka
- **Mörk við umönnun bleiuskipti, námskeið A**
- Svefn, matarvenjur
- Líkamsvitund
- Líkamsvirðing
- Sjálfsmat
- Virðing
- Ábyrgð
- Þetta er minn líkami
- Jöfnuður milli kynja
- Sanngjörn samskipti
- Staðalmyndir
- Setja mörk
- Líkamleg mörk
- Orðaræða í leikskólum
- Hvernig tölum við um líkamann og kynfæri
- Virða mörk
- Sjálfstæði
- **sjálfsfróun barna námskeið A**
- Samskipti orðaræðan
- Viðhorf fullorðinna til kynjanna
- Kynheilbrigði
- Hvetja bæði kynin til sömu verka
- Sjálfs- og líkamsvirðing
- Kynhlutverk
- Fyrirmyndir
- Forvarnir vegna internets
- að vera vakandi fyrir staðalmyndum
- Sjálfspækning
- **Læknisleikir - A**
- ábyrgð starfsfólks
- Hugsa kynjalaust
- Staðalmyndir í íþróttum
- Leikefni
- Karlmennt sem starfsmenn
- Leikföng
- Kynbundin leikföng
- efniviður opinn
- Kynlaus efniviður
- Setja sig í spor annarra
- **Kynferðisleg samskipti barna A**

- Félagaval
- Samskipti kynjanna
- Kynjagleraugu ( starfsfólk meðvitað)
- Leikfangakostur
- Samskipti
- áhugasvið barna
- öll börn eru "transgender"
- Samskipti við foreldra um kynheilbrigði og fordóma- mismunun
- Snerting
- Skólabúningur Kostir og gallar
- Vera vakandi gagnvart kynhneigðum
- Fyrirmyndir í bókum
- Litir sömu fyrir alla
- Fyrirmyndir
- Kynvitund
- Vöndum málfar "prinsessur bjarga sér sjálfar"
- Hvernig við hrósum

### Markmið námskeiðs:

- Efla starfsfólk og gefa þeim verkfæri, samræma vinnubrögð og skilaboð
- fræða og efla þekkingu starfsfólks með mismunandi bakgrunn.
- Foreldrar hafi ekki allt vald um viðbrögð leikskólans þurfum að sjá hag barnsins. Þó allt með virðingu. Útbúa mögulega upplýsingabæklinga fyrir foreldra um erfið mál t.d. sjálfsfróun.
- Að allt starfsfólk leikskólanna verði samstíga í viðbrögðum og fyrirmynd fyrir jafnrétti- síðan getum við komið þessu áfram til foreldra.
- Að fræða og festa í sessi ákveðin vinnubrögð við aðstæður sem komið upp í starfi. Að starfsfólk verði samhent í vinnubrögðum. Að efla umburðarlyndi og jafnréttishugsun.
- Að styrkja sjálfsmynd barna
- Að auka janfrétti kynja
- standa vörð um réttindi barna- að börnin fái að hafarödd
- búa til vettvang þar sem bæði börn og fullorðnum líður vel
- Búa til sanngjarnt umhverfi fyrir börn á öllum aldurstigum.
- Hvað varðar viðhorf starfsfólks, leikföng klæðnar, kyn og samskipti við bæði börn og fullorðna.

### Hvernig viljum við byggja upp námskeiðið?

#### Hópur 1

- Fyrirlestur c. 30 mín
- Hópavinna skipting 30 m ín
- Úrvinnsla c.a30 mín

#### Hópur 2

- Fjöldi 2-3 leikskólar saman fer eftir fjölda starfsmann c.a 50 manns
- Skipt niður á 10 borð - 5 manns á borði í umræðu fyrir úrvinnslu
- Fyrirlestur +hópavinna- hugmyndafræði
- Mikilvægt að fólk geti tjáð sig og rætt saman í litlum hópum- forma spurningar fyrir starfsm.

#### Hópur 3

- Fyrirlestur 45-60 mín
- Hópavinna með raundæmum
- setja upp ákveðnar aðstæður 20 mín
- tekið saman og hver hópur kynnir sitt 20 mín

#### Hópur 4.

- c.a 50 manns hámark c.a 2 skólar saman
- byrja á 30 mín fyrirlestri
- 30 mín í hópastarf
- 10-15 í kynningu frá hverjum hópi
- 15 mín lokasamtal - fyrirlestu